

6. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, þriðjudaginn 6.júní 2017 kl. 14:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarheiður Fossdal Melum, Ingólfur Benediktsson Árneshi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árneshi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. ~~Elín Ágla Briem ritar fundargerð.~~ *ES*

Dagskrá fundarins:

1. Skype-fundur með Sigurborgu Hannesd. og fleirum vegna íbúáþings um Brothættar byggðir sem haldinn verður með Byggðastofnun og Fjórðungssambandinu.
 2. Umsögn hreppsnefndar varðandi rekstrarleyfi til Gunnsteins Gíslasonar vegna Bergistanga.
 3. Drög að breytingu – Hvalárvirkjun, Aðalskipulags Árneshrepps (sent í pósti fyrir nokkru) tekið fyrir. Hreppsnefnd fer yfir tillöguna og gerir við hana athugasemdir, eða samþykkir óbreytta og er hún síðan send til Skipulagsstofnunar.
 4. Minnisblað frá VesturVerki og HS-Orku.
 5. Finnbogastaðaskóli, staðan framundan.
 6. Bréf til hreppsnefndar frá Ingibjörgu Valgeirsdóttur.
-
1. Skype-fundur með Sigurborgu Hannesdóttur, Kristjáni Þ. Halldórssyni og Sigríður Þorgrímsdóttir Byggðastofnun, Skúla Gautasyni FV, Pétri Markan Súðavík/FV og Aðalstein Óskarssyni FV. Sigurborg sagði frá því hvernig undirbúningi og þinginu sjálfu verður háttað. Farið yfir fyrirkomulag og fleiri atriði, t.d. hvort gefa eigi VesturVerk og Landvernd tækifæri á að sitja íbúáþingið.
 2. Hreppsnefnd veitir sitt samþykki varðandi rekstur Gunnsteins Gíslasonar.
 3. Drög að breytingu – Hvalárvirkjun, Aðalskipulag Árneshrepps....Hreppsnefnd fór yfir tillöguna og aðeins kom fram athugasemd varðandi það hvernig vegurinn í Ófeigsfjörð, annars vegar og uppi á heiðinni, hins vegar, komi til með að verða. Að öðru leiti sendist tillagan óbreytt til Skipulagsstofnunar. Tveir hreppsnefndarmenn sátu hjá við afgreiðslu málsins en þeir samþykktu. Ingólfur Benediktsson skilaði bókun þess efnis að hann muni eftirleiðis sitja hjá við alla umfjöllun varðandi Hvalárvirkjun. Bókun þessi mun fylgja fundargerð framvegis.
 4. Minnisblað frá VesturVerki og HS-Orku lagt fram til kynningar. Framhaldið athugað síðar.
 5. Finnbogastaðaskóli, staðan framundan. Hreppsnefnd var sammála um að taka jákvætt í hugmyndir Elínar Öglu og að við auglýsum aftur eftir skólastjóra.
 6. Bréf til hreppsnefndar frá Ingibjörgu Valgeirsdóttur. Oddviti sagði frá því sem gert hefði verið í málinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:45.

*Eva Sigurbjörnsdóttir
Hrefna Þorvaldsdóttir
Bjarneiður J. Fossdal*

*Ingólfur Benediktsson
Guðlaugur Ágústsson*